

Reykjavík 10. janúar 2008

Yfirlýsing Árna M. Mathiesen setts dómsmálaráðherra við skipun dómara í héraðsdóma Norðurlands eystra og Austurlands, vegna greinargerðar dómnefndar um hæfi umsækjenda

Í tilefni greinargerðar sem dómnefnd, skv. 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla, sendi frá sér í gær 9. janúar 2008 vegna skipunar á dómara í Héraðsdóm Norðurlands eystra og Héraðsdóm Austurlands er óhjákvæmilegt að koma að nokkrum athugasemdum.

- Nefndin fer rangt með þegar hún heldur því fram að það sé einsdæmi að ráðherra fari ekki að álitni nefndarinnar. Um það eru bæði nýleg og eldri dæmi. Einu gildir hversu mikill munur er á álitni nefndarinnar og niðurstöðu ráðherrans. Staðreyndin er sú að það er ekki einsdæmi að ekki sé farið að álitni nefndarinnar.
- Ráðherra ber í störfum sínum að taka sjálfstæða afstöðu til mála sem fyrir hann eru lögð og meta sjálfstætt álit hinna ýmsu nefnda sem vinna að undirbúningi mála fyrir hann. Það er ráðherrann sem hefur skipunarvaldið og þar með ábyrgðina og hvorugu getur hann afsalað sér. Honum ber að fara eftir eigin sannfæringu í sérhverju máli en ekki sannfæringu annarra. Í þessu tilfalli telur ráðherrann að gallar hafi verið á umsögn dómnefndar sem hafi verið ógagnsæ, lítt rökstudd og innra ósamræmis gætt við mat á reynslu sem hin ýmsu störf gefa. Dómnefndin hefur auðvitað þann lýðræðislega rétt að hafa skoðun á niðurstöðu og rökstuðningi ráðherrans en ráðherranum ber beinlínis skylda til þess að hafa skoðun á umsögn nefndarinnar og fara eftir eigin mati við skipun í embættið ef hann greinir á við nefndina.
- Dómnefndin starfar eftir reglum sem byggðar eru á dómstólalögum frá 1998. Greinilegt er að nefndin hefur misskilið hlutverk sitt og telur sig hafa vald sem hún hefur ekki því í 7. gr. reglnanna segir : „Umsögn nefndarinnar er ekki bindandi við skipun í embætti héraðsdómara“.